

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 8. apríl 2024.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1290 – 864. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1290 – 864. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá 28. nóvember 2021 þar sem fram koma áform endurskoðun málefni örorkulífeyrisþega. Áhersla verði lögð á að bæta afkomu örorkulífeyrisþega, sérstaklega kjör þeirra sem lakast standa. Þá verði örorkulífeyrisferfið einfaldað, dregið úr tekjutengingum og það gert skilvirkara, gagnsærra og réttlátara. Jafnframt að þátttaka og endurkoma einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkað verði auðvelduð þannig að fólk hafi fjárhagslegan hag af atvinnuþátttöku og fái tækifæri á vinnumarkaði án þess að afkomuöryggi þess sé ógnað. Auk þess að tryggja þjónustu auk stuðnings til þátttöku og endurhæfingar og einstaklingum sem missa starfsgetuna verði í auknum mæli tryggð þjónusta og stuðningur strax á fyrstu stigum með tilliti til líkamlegra, sálfræðilegra og félagslegra þátta sem hafa áhrif á starfsgetu. Félagið getur sannarlega tekið undir þessi markmið sem ætlað er að bæta þjónustu og kjör með betra greiðsluferfi og fela í sér mikilvæga hvata til atvinnuþátttöku.

Félagsráðgjafafélag Íslands styður meginefni frumvarpsins er snýr að breytingum á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga þar sem lagður er til nýr greiðsluflokkur, *sjúkra og endurhæfingargreiðslur*. Það er mikilvægt að styrkja stöðu þeirra sem þurfa á endurhæfingu að halda vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubreysts eins og Félagsráðgjafafélag Íslands hefur ítrekað vakið máls á. Það er sannarlega til bóta að taka tillit til þeirra sem bíða eftir að komast að í meðferð eða endurhæfingarúrræði og mikilvægt að taka mið af þörfum einstaklings hverju sinni. Það er mikilvægt að tryggja samfellu varðandi framfærslu á endurhæfingartíma því kvíði yfir óvissu og óstöðugri framfærslu truflar bataferlið. Vill félagið benda á að margar fagstéttir, svo sem félagsráðgjafar koma að endurhæfingaráætlun og eru til þess bærar að fylgja eftir og votta um stöðu einstaklings. Hingað til hefur heimilislæknum verið ætlað að sinna því en það er óraunhæft að ætla einni fagstétt það verkefni.

Félagsráðgjafafélag Íslands styður einnig einföldun greiðsluflokka almannatrygginga en það verður áskorun að innleiða árangursríkt samspil *Hlutaörorkulífeyris* og *Virknistyrks*. Félagið hefur einnig áhyggjur af því að tvær greiðslustofnanir koma að þessum greiðslum, það mun reyna á öflugt samstarf stofnana og tryggja þarf eina samræmda umsóknargátt til að einfalda ferlið. *Sérstakt frítekjumark þeirra sem fá*

hlutaörorkulífeyri er mikilvæg viðbót við kerfið auk áforma um að hækka almennt frítekjumark. Í ljósi þess að framboð á hlutastörfum er takmarkað þarf að leita eftir samstarfi við atvinnulífið til að ná því markmiði að einstaklingar með skerta starfsgetu hafi tækifæri til atvinnuþátttöku á eigin forsendum.

Í frumvarpinu eru tillögur um breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða í því skyni að lögfesta skyldu þjónustuaðila til að tryggja samstarf á milli þeirra sem bera ábyrgð á endurhæfingu. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir það sjónarmið sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að þetta sé til þess fallið að stuðla að heildstæðri nálgun og samfellu við veitingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga. Félagsráðgjafafélag Íslands styður því áform um samstarf og samvinnu þjónustukerfa sem veita endurhæfingarþjónustu um endurhæfingu einstaklinga sem þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis. Félagið leggur áherslu á að samhæfingarteymi verði skipuð fagfólki með fjölbreytta menntun og aðkoma félagsráðgjafa verði tryggð. Mikilvægt er að helstu þjónustustofnanir s.s. Heilsugæslan, Heilbrigðisstofnanir sem veita endurhæfingu, Starfsendurhæfingarstöðvar undir BYR, Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun og Virk Stafsendurhæfingarsjóður komi sér saman um verklag og vísanir á milli þjónustukerfa og hugað sé að persónuverndarsjónarmiðum í hvívetna. Forsenda þessara breytinga er að þjónustugátt þjónustukerfanna stuðli að samvinnu ólíkra kerfa og þróa þarf gáttina í nánu samstarfi við þjónustuaðila.

Áform um að horfa frá örorkumati og taka þess í stað upp samþætt sérfræðimat sem er heildrænt mat á getu viðkomandi til virkni á vinnumarkaði eru til þess fallin að valdefla einstaklinga og styðja þá til að nýta sína getu. Það er brýnt að samþætt sérfræðimat sé unnið af þverfaglegu teymi, til að meta andlega, líkamlega og félagslega heilsu og eru félagsráðgjafar þar ein af lykilstéttum.

Félagsráðgjafar eru ein af lykilstéttum í velferðarþjónustu og hitta fyrir einstaklinga sem standa höllum fæti og sæta margvíslegri jaðarsetningu. Það er því mikilvægt að tryggja aðkomu félagsráðgjafa í öllu endurhæfingarferlinu. Í framkvæmdinni á eftir að reyna á að fjármögnunin/kostnaðurinn, tæknilegar lausnir, persónuverndarmál, sveigjanleika og samstarfsgetu þeirra ólíku kerfa, sem er ætlað að starfa saman og tryggja að notendur þjónustunnar (skjólstæðingarnir) falli ekki á milli kerfa eins og kemur of oft fyrir í dag.

Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er tilbúið til að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað og taka þátt í áframhaldandi vinnu við að bæta örorkulífeyriskerfi almennatrygginga til hagsbóta fyrir haghafa.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður